



Reykjavík, 11.september 2020

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

**Varðar útboð nr. 14152 – Grassláttur við Þjóðvegi í Reykjavík 2018-2020**

Tilboð voru opnuð 8.mars 2018 og voru útboðin opin og til þriggja ára. Tilboð bárust frá tveimur aðilum og voru þau svohljóðandi.

Garðlist ehf. kr. 164.775.600  
Íslenska gámafélagið ehf. kr. 168.432.000  
Kostnaðaráætlun kr. 167.652.000

Þann 18.maí 2018 var undirritaður samningur á milli Skrifstofu Reksturs og Umhirðu(SRU) annars vegar og Garðlistar ehf. hins vegar, um grasslátt við Þjóðvegi í Reykjavík til þriggja ára.

Grein 0.1.6 í útboðsgögnum segir: „*Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um tvö ár, eitt ár í senn*“.

SRU og Garðlist ehf. hafa samþykkt sín á milli að framlengja samning um eitt ár, enda gerir SRU ekki ráð fyrir því að ná betri verðum með útboðsferli.

Undirritaður leggur til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Virðingarfyllst,

Hjalti Jóhannes Guðmundsson  
Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins